

Nr. 27.

9.
júli.

Lög

um

að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Í Hafnarfirði skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivjolar og önnur slökkvitól, eftir boði bæjarstjórnar eða þess yfirboðara, sem bæjarstjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir allt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er getur um í 2. gr., skal farið sem önnur lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 9. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

Lov

om

Nr. 27.
9.
Juli.

Oprettelse af et Brandkorps i Havnefjord.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Havnefjord skal der oprettes et Brandkorps.

§ 2.

Alle de af Byens Indvaanere, som dertil findes skikkede, ere pligtige til at møde fire Gange aarlig for at øve sig i Brugen af Sprøjter og andre Slukningsredskaber efter nærmere Bestemmelse af Byraadet eller den af Byraadet beskikkede Anfører for Brandkorpsset. I Ildebrandstilfælde ere alle arbejdsføre Mandspersoner i Byen pligtige til at indfinde sig ved Brandstedet. De ere pligtige til at adlyde de af Brandkorpssets Anfører eller af hans Medhjælpere udstedte Befalinger, der sigte til Bjærgning, Ildens Slukning eller Begrænsning, eller til Forhindring af dens videre Udbredelse.

Byraadet aflatter et Regulativ for Brandkorpsset, hvilket Regulativ approberes af Ministeriet. For Overtrædelse af Regulativets Bestemmelser kan der fastsættes Bøder indtil 50 Kroner, der tilflyde Havnefjords Kommunekasse.

§ 3.

Sager i Anledning af Overtrædelser af det i § 2 omhandlede Regulativ behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.